



Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Reykjavík 19. maí 2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum.
Þskj. 805 - 465. mál.

Með tillögunni er lagt til að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra ungbarna gegn pneumókokkasýkingum. Tillagan er vel rökstudd í góði greinargerð. Pneumokokkar eru bakteríur semvalda miklum usla. Þær eru ein helsta orsök miðeyrnabólga hjá börnum sem hrjá langflest íslensk börn á fyrstu árum ævinnar. Flestir foreldrar kannast við svefnlausar nætur og fjarvistir úr vinnu vegna þessa. Pneumokokkar valda einnig mun alvarlegri sýkingum á borð við lungnabólgu, heilahimnubólgu og blóðsýkingu bæði meðal barna og fullorðinna með verulegum veikindum og hárrí dánartölu. Bóluefni sem rannsökuð hafa verið og sett á markað eru mjög virk og aukaverkanir fáar. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur kostnaðarhagkvæmni þegar verið metin héraendis og niðurstaðan sú að bólusetningar þessar skyldu teknar upp. Rök fyrir því hafa ekki breyttst. Er því mælt til að tillaga nái fram að ganga.

Sigurður Guðmundsson

forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ